

121 $\frac{1}{4}$ hluta vaxtanna. Gjafir þær, er sjóðnum kunna að hlotnast, leggist og við
21. sept. höfuðstólinn

5. gr.

$\frac{3}{4}$ af vöxtum sjóðsins má verja til eflingar iðnaði í Akureyrarbæ og Eyjafjarðarsýslu, aðallega á þann hátt, að styrkja efnilega iðnnema og iðnaðarmenn til frekara náms en kostur er á í Akureyrarbæ.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í innlendum bankavaxtabréfum eða á annan hátt, jafntryggilega og lög mæla fyrir um ómyndugra fé.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal birta reikning hans árlega í almennu bláði.

8. gr.

Falli Iðnaðarmannafélag Akureyrar niður, veitir bæjarstjórn Akureyrar-kaupstaðar sjóðnum forstöðu.

9. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Þannig samþykkt á fundi Iðnaðarmannafélags Akureyrar 25. júlí 1910.

Frb. Steinsson. Oddur Björnsson. Sigtryggur Jónsson.

122
7. okt.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sjúkrahússjóð Reykjavíkurbæjar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 7. oktbr. 1910.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Sjúkrahússjóð Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

Sjóður þessi, sem er ánafnaður Reykjavíkurbæ af Sjúkrahúsfélagi Reykjavíkur, skal geymast í vörzlum borgarstjóra Reykjavíkur og standa undir umsjón

bæjarstjórnarinnar. Hefir borgarstjóri alla unnsjón og eftirlit með eignum sjóðs- 122
ins, ávaxtar hann á tryggilegan hátt, og gerir ársreikning fyrir hann á ári hverju.7. okt.
Bæjarstjórnin skal láta tvo menn, er hún kys úr sínum hóp, endurskoða ársreikn-
ing sjóðsins og líta eftir, að tryggilega sé um eignir hans búið, og liggur ársreikn-
ingurinn í heild sinni og alt það, er snertir tryggilega geymslu sjóðsins, undir
úrskurð bæjarstjórnarinnar. Ársreikning skal birta á hverju ári í Stjórnartíð-
indunum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að koma upp sjúkrahúsi fyrir bæinn, er geti bætt
úr þörf hans á hentugu sjúkrahæli fyrir þá, sem af sveit þiggja, og jafnframt
gert öðrum bæjarbúum, sérstaklega fátæklingum, kost á ódýrri sjúkavist. Sjúkra-
hús þetta á sérstaklega að vera fyrir íbúa bæjarins, þá sem hafa heimili eða
jafnskyldufasta dvöl í bænum. Þó skulu þeir sjómenn, er skipráðnir eru á veg-
um bæjarbúa, njóta sömu kosta og aðrir bæjarbúar. Aðrir utanhéraðsmenn og
útlendir menn skulu og eiga kost á að njóta góðs af stofnun þessari, eftir því
sem húsrúm leyfir og föng eru á.

3. gr.

Bæjarstjórnin ræður sjálf, hvenær henni þykir tími til kominn að reisa
sjúkrahús það, sem ræðir um í annari grein, og ver hún þá eignum sjóðsins, eins
og þær verða á þeim tíma, til byggingarinnar og til áhalda handa sjúkrahúsinu.
Verði afgangur skal verja $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu hlutum — ársvaxta hans til sjúkra-
halds, þar á meðal til að greiða að fullu eða nokkru legukostnað fátækra sjúkl-
inga, sem ekki þiggja af sveit, svo og til viðhalds húsum og áhöldum sjúkrahúss-
ins, alt eftir því sem bæjarstjórnin ákveður, en $\frac{1}{4}$ (einn fjórða hluta) ársvaxt-
anna skal leggja við höfuðstólinn.

4. gr.

Verði sjúkrahús það, sem bæjarstjórnin reisir samkvæmt 3 grein, nokk-
urn tíma lagt niður, eða verði hætt við sjúkrahaldið, skal bæjarstjórninni skylt
að leggja til Sjúkrahússjóðs Reykjavíkurbæjar jafnstóra upphæð og sjóðurinn
lagði fram í upphafi til húsabyggingarinnar og til áhalda, en þó án vaxta. Skal
síðan ávaxta sjóðinn á sama hátt og áður en sjúkrahúsið var reist, unz bæjar-
stjórnin sér sér fært að endurreisa sjúkrahússtofnunina. Svo skal fara jafnan,
ef sjúkrahald legst niður.

5. gr.

Nú vill bæjarstjórnin breyta þessari skipulagsskrá, og er breyting því
að eins lögleg, að $\frac{2}{3}$ (tveir þriðjungar) allra bæjarfulltrúa greiði atkvæði með
henni á lögmatum bæjarstjórnarfundi og landsstjórnin staðfesti hana. Útvega
skal og konunglega staðfesting til allra breytinga.

122 Þannig sett og samþykkt á aðalfundi Sjúkrahúsfélags Reykjavíkur 13.
7. okt. júlí 1910.

Fyrir hönd formanns,

drs. J. Jónassens

Þórunn Jónassen. Magnús Stephensen. B. M. Ólsen.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir á fundi 18. f. m. skuldbundið sig til að
halda skipulagsskrá þessa í öllum greinum

vottar

Borgarstjóri Reykjavíkur, 21. september 1910.

Páll Einarsson.

123
15. okt.

Hafnarreglugjörð

fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefir 15. október 1910 gefið út svofelda hafnarreglugjörð
fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, samkvæmt lögum nr. 26, 9. júlí 1909.

I. Hafnargjald.

1. Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatals, 8 smálestir og þar yfir, hvort sem þau eru hlaðin vörum, með seglfestu eða eru tóm, skal greiða hafnargjald af öllu farmrúminu í hvert sinn, er þau leggjast við akkeri eða aðrar festar, fyrir innan línu, er nugsast dregin úr Balakletti í Hvaleyrarhöfða, eftir að þau hafa komið frá útlöndum eða ef um skip ræðir, er fara að eins hafna í milli innanlands, þá er þau hið fyrsta skifti á árinu leita inn á höfnina, þannig:
 - a. af skipum, sem eiga heima í Hafnarfirði, 3 aura af hverri smálest.
 - b. af öðrum skipum 5 aura af hverri smálest.Þá er skip flytur á land vörur, eða tekur úr landi vörur eða farþega, geldur það ennfremur 2 aura af hverri smálest, hvort heldur það er innan- eða utanbæjar, innan- eða utanríkiseign.
2. Hafni skip sig oftast en einu sinni á árinu á Hafnarfjarðarhöfn, greiðast